LUDWIG VAN BEETHOVEN
Ágrip af ævisögu hans.
62 bls. qto.

15

Ludwig van Beethoven

er skirður 17. d. desemberm. 1770 í Bonn á Þýzkalandi. Þá var siður að skíra börn þegar daginn eftir að þau fæddust, og þeesvegna er fæðingardagur hans alment talinn 16. desember. Fæðingardagur

Hann var, eins og nafnið bendir á, af hollenzkri kyni í karllegg. Afi hans Ludwig van Beethoven hafði flutzt til Bonn árið 1732, hann var raddmaður góður (bassisti), varð bæði kirkjusöngvari og leikhússöngvari, og að lokum hirðkapellu-meistari hjá kjörfurstanum í Bonn árið 1763. Aukreitis rak hann dálitla vínverzlun, en dýr varð sú atvinna á endanum bæði honum og syni hans, því kona hans, Jósepha Poll, hneigðist smámsaman til drykkjar, og það svo mjög, að henni var að lokum komið í klaustur í Köln, til að forða henni frá víninu og þess afleiðingum. Þessi löstur gekk svo að erfðum til þess eina sonar þeirra hjóna, sem náði fullorðins aldri. Hann hét Jóhann, var söngmaður sem fáðir hans, og varð kapellu söngvari í Bonn hjá kjörfurstanum, þótti honum mamma sopinn góður, og ástríða sú ágerðist með árunum, svo tjón hlaust af fyrir húslíf hans, og embættismissir að lokum. Má nærri geta, hve sárt syni hans, Föðurkyn Kynfylgjur

Ludvig van Beethoven, hefir svidid ad sjá födur sinn oft viti sínu fjar, og stundum svo illa á sig kominn, ad hann jafnvel vard ad bjarga honum á götum bæjarins úr klóm lögreglumar. Sorg og sárir harmar hafa þannig snemma tekid sér bólfestu í hans ungu sál, og markad líf hans og lund því alvörumar merki, sem þau báru til hinztu stundar, en vant þótti honum, þrátt fyrir þetta, um föður sinn og var honum góður og ástríkur sonur, unnar bræðir hans med þolinmædi, og mátti aldrei heyra honum hallmælt, enda er svo ad sjá, sem hann í ýmsu hafi verid honum alíkur og medal annars tekid ad erfidum frá honum, auk listar-hæfileikans, einnig bródlyndi það og þrályndi, sem fylgdi honum alla æfi.

Módir Beethovens

Módir Beethovens var af lágum stigum, hún hét Magdalena Keverich og var frá Ehrenbreitstein, hafði um tíma verid herbergisþerna hjá höfdingsfólki, giftist síðan herbergisþjóni einum og vard ekkja eftir hann 19 ára gömul. Árid 1763 giftist hún svo Jóhanni van Beethoven. Af börnum þeirra hjóna skal, auk Ludvigs,

Bródur hans

einungis getid tveggja yngri bræðra hans, Karls og Jóhanns, med því ad þeir koma seinna vid sögu hans. (f. 1774 og 1776).

Fylgifiskur óreglunnar í einhverri mynd, er vanalega örbirgdin, enda lét hún sín eigi lengi bída, einkum eftir ad afi Beethovens andadist, sem hafdi styrkt foreldra hans mikid, medan hans naut vid. Reiturnar eftir karlinn eyddust fljótt, og pótt fadir Beethovens reyndi ad hafa ofan af fyrir sér og sínum med tímakenslu í tórlist og med leikhúsvinnu, pá hrökk pad eigi til handa mörgum munnum. Fátækt í foreldrahúsum

Í bágindum pessum var Lúdvík litli eina vonarstjarnan, því fadir hans vard njög memma pess áskynja ad hann hafdi par snilling fæddan, enda tók hann ad kenna honum kornungum bædi á fidlu og klavér, var kenslan rekin med miklum dugnadi og svo ópyrmilega, ad drengurinn var oft sóttur og tekinn úr leikjum jafnaldra sinna, hvernig sem á stód, og stundum sást hann standa grátandi fyrir framan klaverid, og vera ad æfa sig med tárin í augunum. Fadir hans vildi gera úr honum undrabarn, eins og Mozart, sem nokkru ádur hafdi komid til Bonn og sýnt par list sína, enda virdist pad hafa tekizt, því ad 1778 auglýsir fadir hans í bladi einu í Köln, ad p. 26. d. marzmánadar (einnig dónardagur B£) „ætli sonur sinn Ætli, 6 ára ad aldri Hart uppeldi Heldur konsert 7 ára

virdingarfylst ad leyfa sér, ad bjóda fólki ad hlýda á ýmsa klaver-konserta, vonist hann til ad geta skemt rækilega öllum hágöfgum herrum og frúm, og þad því fremur, sem hann hafi ordid þeirrar nádar adnjótandi ad leika á hljódfæri fyrir alla hirdina, hanni til mestu ánægju." Til þess ad gera frammistödu drengsins enn áhrifameiri, hefur fadir hans í auglýsingu sinni gert hann ári yngri en hann í rann og veru var. Þessi aldursskekkja vard svo orsök þess, ad Beethoven taldi rangan aldur sinn þar til hann var ordinn nær fertugur mádur.

Kensla

Auk födur síns hafdi Beethoven ýmsa adra kennara, svo sem söngvarann Tobias Pfeiffer, sem var til húsa og í kosti hjá foreldrum hans. Hann var drykkjubrádir födur hans, og stundum vildi þad til, ad þegar þeir komu seint heim ad nóttu af gildaskála, ad drengurinn var rifinn upp úr rúminu og látinn æfa sig á klaverid til morguns, en þakklátur reyndist B. þessum manni fyrir tilsögnina og veitti honum meira ad segja fjárstyrk seinna í lífinu, þegar hann þurfti á ad halda.

Adalkennarar Beethovens á orgel voru þeir hirdorganleikararnir van den Eeden og Christian

Gottlob Neefe. Hinn síðarnefndi kendi honum
einnig komposition, hann var tónfræðingur góður, enda
sagði B. svo í bréfi til hans: „Verði ég einhvern tíma
mikill maður, þá eigið þér góðan þátt í því."

Árið 1782. er B., 11ára gamall, orðinn aðstoðar Staða 11 ára
organisti hjá þessum manni við hirð kjörfurstans. Og
nú – úr þessu – gengur brautin upp á við, tröppu
af tröppu að hraðtígara. Neefe fer um Beetho-
ven í bréfi 1783 svofeldum orðum: „Þetta unga
„geni" væri verður styrks til utanfarar að frama
sig, hann mundi vissulega verða annar Mozart."
Árið 1784 er hann – 13 ára gamall – orðinn hirð-
organleikari og frá þeim tíma er til lítil skýrsla Skýrsla
um þennan meistara, sem síðar varð heimsfrægur
fyrir nýjar brautir í tónlistinni, skýrsla sem
sýnir að hann þá þegar, „batt eigi bagga sína
sömu hnútum og samferðamenn," hann setti
semsé gamla Hellers, góðkunnan takt- og tónfast-
an, há-kjörfurstalegan söngvara út af laginu með
undirleik sínum á orgelið, hljóðfærið hljóp alt í
einu út á óvanalega, nýja furðuslóðir undir hönd-
um þessa unga sveins, sem gamli meistarinn ekki
áttaði sig á í svipinn. Kjörfurstinn bauð undan

„þesskonar snildar til-þrifum" framvegis, en hann og allir, sem á hlýddu, voru þó undrun lostnir yfir því, sem í bjó þessum unga ~~manni~~, og nú var svo komið, að allir fundu, að slíkur undrasveinn átti frægan kenniföður skilið. Þess var heldur eigi langt að bíða, að hann kæmist í stærri verkahring, sambodnari hans eigin stórleik. Vorið 1787 er ungi hirðorganistinn frá Bonn í heimsókn hjá Mozart. Þá heimsókn þekkja allir söngfræðingar um víða veröld. Unglinguinn mikli hitti meistaranu heimsfræga, bað hann um verkefni (Thema) til að breyta (fantasera) eftir að hann var búinn að sjá á honum, að hann efaðist um, að það, sem hann bjó til í svipinn, væri annað en marghugsað, gamalt allragagn frá hans hendi. Mozart gaf verkefnið og B. notaði það svo meistaralega að hinn (~~fétt~~) varð forvíða og sagði: „Takið eftir þessum manni, hann mun einhverntíma láta á sér bera í veröldinni." (Auf den geht Acht, der wird einmal in der Welt von sich reden machen"). Þó varð lítið sem ekkert úr námi hans hjá Mozart. Mozart var þá sokkinn niður í meistaraverk sitt „Don Juan," sem hann tauk við 28. okt. 1787, fjórum árum fyrir andlát sitt (d. 5. des

Heimsókn hjá Mozart

„Lítill, sterklega bygður, klunnalegur með þrælanef"

„Da ist ein Mann, von wem Sie hören werden

1791), og brátt vard B. ad hverfa heim til átthaganna ad dánarbedi sinnar elskudu módur og sorglegum heimiliskringumstædum í ödrum greinum, eins og fyrer getid, enda var nú svo komid, ad hann vard ad sjá um, þótt ungur væri (17 ára), uppeldi yngri brædra sinna og standa straum af þeim. En andstreymid vard til ad herda hann og gefa honum þá festu, tóp og trygd í lund, sem sídar einkendi alt hans líf.

Máttarstod heimilisins

Þad vildi honum nú til láns, ad hann um þessar mundir komst í kynni vid Maximilian Franz, Kölnarkjörfursta, yngsta son Maríu Theresíu, kvennkeisarans alkunna, ágætan mann, listavin mikinn og listafrömud, söng tónfródan og söng tónelskan, eins og fleiri af börnum þeirrar mikilhæfu konu, og stórelskan ad Mozart og músík hans. Fleiri mönnum kyntist hann þá listfródum, listfengum og listelskum, sem allir dádust ad leik hans á klaverid (brædurnir Andreas og Bernhard Romberg, Reichardt o. fl.)

Kynni vid tónfrædinga

Um þetta leyti var hann einnig svo heppinn ad verda heimilisvinur (ágangur) í húsi frúar von Brenning í Bonn, gerdist hann mjög samrýndur börnum hennar, er voru lítid eitt yngri en hann, og kendi jafnvel sumum þeirra á hljódfæri. Fólk þetta var mentad, gladvært

Kynni vid adalinn

og listelskt og efalaust hafa dagar hans í því húsi verið sólskinsblettirnir í æskuendurminningum hans, enda hélt hann vináttu við það til daudadags. Frá þessum árum skall enn getið eins vinar hans, Waldsteins-greifa, sem B. hefur gert ódaudlegan með því að tileinka honum sónötu þá, sem við hann er kend (Op. 53). Hann var frá Austurríki, gódur mádur og gáfadur, sá snemma hvað í B. bjó og rétti honum oft hjálparhönd; var hjálp sú látin heita koma frá kjörfurstanum sem „hónórar" til þess að fá B. til að taka við fénu, því að maðurinn var snemma viðkvæmur fyrir sjálfstædi sínu, ef honum þótti því á einhvern hátt misbodið.

Tileink. són. Op. 53

Waldstein hvetur B. til Vinar

Waldstein þessi mun einnig hafa átt gódan þátt í því að snúa huga B. til Vinarborgar, að stærraverksvidi, listaborginni miklu, heimskynni þeirra Glücks, Haydns og Mozarts, hugmynda-aflid og snildin á hljódfærið væru ekki einhlít, gódan skóla þurfti einnig, til þess að alt efnid væri fengið í meistarann, enda sagdi Waldstein greifi svo við hann: „Med elju og ástundun ödlist þér anda Mozarts úr höndum Haydns", og í þessar hendur vard hann svo lánsamur að komast árið 1792 fyrir tilstilli Max. Franz

kjörfursta og styrks frá honum.

Mozart var þá nýlega látinn. Tæpt ár var lidid frá því ad keisaraborgin vid Dóná hafdi fylgt til grafar meistaranum mikla, födur óperanna heimsfrægu og léttu ljódanna, þegar annar meistari heldur innreid sína í sömu borg til þess einnig þar ad lifa og beinin bera- meistari jafnsnjall hinum, en furdu ólíkur - þrunginn af alvöru og afli - fadir hljódfæramúsíkur nútídarinnar.

Brottför og innreid

Átjánda öldin er nú ádfram komin, en hart er daudahel stridid. Öldur stjórnarbyltingarinnar miklu á Frakklandi fara nú ad skella á nágrannalöndunum. Rínarlöndin lágu fyrir ágangi og komust brátt í hendur Frakka; vinur Beethovens Mast. Franz kjörfursti vard ad flýja land sitt og brædur Bs Karl og Jóhann fluttu innan skamms búferlum til Vínar, á eftir bródur sínum, sem stadid hafdi straum af þeim fyr.

Rót í Rínlöndum og vistaskifti

„Hingad er ég komin og hér skal ég verá" hefir B. ad líkindum hugsad, eda gæti hafa hugsad, þegar hann kom til Vínar, keisarastödvar þýzka ríkisins med skikkjulafid sydra sudur í listarinnar eilífa landi, Italíu, en hid nyrdra ad

fornum
lögum breitt yfir þýzkaland – þáverandi forvigi
vísinda og þekkingar í öllum greinum. Sérstöku
skilyrðin voru einnig sýnu betri en í fedraborg-
inni við Rín. Adrir eins menn og þeir voru
gamli Haydn, Abrechtsberger, o. fl. fullkommuðu
nám hans, og slík listaborg sem Vín gaf frjórri
jarðveg og betri lífsskilyrði en Bonn.

Salieri

Eg skal eigi þreyta hv. tilheyrendur á að
telja upp Æskuverk Beethovens frá uppeldisárun-
um í Bonn og byrjun Vínarveru hans, þau voru
allmörg (kantötur klaverkonsertar og kvartettar,
tríóur, aríur, variatióner o. fl. einkum Óp. 52, 8
ljódsöngvar, þar á medal hið gullfagra sönglag við
Maíljód Goethes), en smáræði eru þau, þegar
þau eru borin saman við þau 300 verk, er
Mozart hafði fullgert, 23 ára gamall.

Æskuverk Beethovens

För Beethovens til Vínar var sannnefnd
happaför bæði fyrir hann og þá list sem hann
iðkaði. Þar var um þetta leyti gullöld fyrir
tónlistina, aðallinn átti svo óvenjulega margt mú-
síkalskra manna, að það mun tæplega ofsagt, að
Vínaraðallinn í aldamótin hafi verið sá mús-
ikalasti aðall, sem nokkurntíma hefur uppi

verid, hann elskadi þá list af huga og hjarta, enda studdi hana af alefli.

Medal þessara manna má fyrst til nefna furstann Karl von Lichnovsky, gamlan vin og lærivein Mozarts. Honum kyntist B. memma á Vínarárum sínum, bjó um tíma í húsi hans og naut árlega styrks frá honum (1200 mörk). Þessum manni tileinkar nú B. fyrst 3 „tríóur" (Op. I) og sídar (1799) hina heimsfrægu „sonate pathetique." Konu hans (Christiane von Esterhazy) eignar hann „Variationer" eda „breytingar" sínar vid „Seht er kommt" (úr Händels „Messias") og er svo ad sjá, sem hún hafi eigi sídur en madur hennar verid hugfangin af snild Beethovens, því svo segir hann seinna um hana, ad hún hefdi vist helzt viljad láta gera glerklukku yfir sig, til þess ad útiloka, ad nokkur „óverdur" madur gæti mert sig eda á sig andad. Loks skal getid sónötunnar med grafgöngulaginu fagra+, sem einnig er eignad Lichnovsky (Op. 26) (1e sónötu) þessarar sónötu, sem ég verd aldrei þreyttur á ad heyra og aldrei heyri nógu oft, svo listsnjöll virdist mér hún vera med fagra verkefnid (thema) sitt fimm sinnum endurtekid! í svo yndisfögrum

+ Væri ómögulegt ad fá skift á þessu snildar verki vid jardarfarir og Helga okkar Helgasynir

tilbreytileik, sídan scherzóna, tríónna og ad sídustu allegróna - alt hvert ödru yndislegra. Eg skal eigi fara lengra út í allan þann fjölda stórmenna í ættgöfginnar og andans ríki, sem B. eignadi verk sín, vilji menn sjá þad med eigin augum, þá þurfa þeir t.d eigi annad en ad fletta sónötum hans og lesa forsagnirnar (tileinkanirnar) ad þeim.

Vöxtur á snild og gengi

Frá því Beethoven var seztur ad í Vín, eda ad minsta kosti frá árinu 1795 til dauðadags-í full 30 ár - mátti svo heita, ad hvert snildarverkid og stórverkid[1] frá hans[3] hendi ræki[2] annad, og snemma á þessu tímabili, þegar fyrir aldamót, virdist frumleikur hans í hugsun og búningi hafa nád þeim yfirtökum, ad hann sé þá þegar ordinn meistarinn Beethoven - Beethoven heill og óskertur - med dýptina, hátignina og alvöruna óvidjafnanlegu. Þess þarf naumast ad geta, ad frægd hans óx med degi hverjum, en þó eigi á þann hátt, sem honum hefdi þótt vænzt um c. ad áhuyrendur hefdu getad ordid fyllilega samferda; þad fór snemma ad brydda á því, ad götur hans voru enginn margtrodinn þjódvegur; miklir

Á undan sínum tíma

menn, - eigi sízt „sénúin" - eru ætíð á undan sínum tíma, um leið og þeir eru börn hans, og „binda eigi bagga sína sömu hnútum og samferðamenn" og um þenna mann átti það við flestum fremur, að frægð sína átti hann fyllilega eins mikið að þakka hinum ovidjafnanlega leik sínum á hljóðfærið og framsetningu, sem því, hve vel fólk skildi innihald verka hans; hann varð á undan og örfáir fylgdu. Til þessa mun það ef til vill eiga rót sína að rekja, að hugur hans hvarfladi um eitt skeið nordur á bóginn, til Nordur-Þýzkalands, þangað sem J. S. Bach hafði alið aldur sinn og til Berlínar kemst hann 1796, fær þar ágætar viðtökur, meðal annars hjá konungi og hirðinni, menn dáðu þar sem annars staðar leik hans á hljóðfærið, hugmyndaflugið og andríkið og „improvisationir" (hraðleikni) hans komu tárum út úr augum manna, enn oft endaði hann þá snögglega með hlátri og jafnvel háðsyrðum yfir viðkvæmninni. Skilningurinn var honum fyrir öllu, enda segir hann einhversstaðar í bréfum sínum: „af jafnokum heimtar maður skilning, grátur og veinan sæmir konum einum,

Hvarflar til Nordur-Þýzkalands

karlmönnum skal tónlistin eld úr anda slá". Hann mun hafa verið að leita að meiri manndómsprótt og alvöru í listinni á ferðsinni til Norður-Þýzkalands, föðurlands þeirra Bachs og Kants, en ekki fundið þar anda þeirra og því snúið fljótlega heim aftur við svo búið til Vínar. - Sjálfstæðis- og skyldutilfinningin voru, auk listarinnar, öflugustu þættirnir í sálu hans - um það ber líf hans og list jafn ljósan vott - og lýðveldismaður var hann með lífi og sál alla æfi, þótt handgenginn væri hágöfgum mönnum og ættum og nyti hylli þeirra og vináttu. Að skapferli var hann maður stórlyndur og hreinlyndur, viðkvæmur og þó oft kaldranalegur eða jafnvel hrottalegur, sterkar hugsandi og viljandi, en vanalega gerist. En fyrst og fremst var hann "séní" og átti þaraf leiðandi samleið með fáum eða engum í lífinu. Kjör slíkra „andans útvöldu" eru jafnaðarlega einstæðingskjör og hin sterku gleðiaugnablik, sem þeir verða aðnjótandi, eru vanalega keyft sáru sorgarverði, því að „ógurleg er andans leið upp á sigurhæðir," eins og skáldið segir. Goethe lætur líka Tasso segja: „Der Lorbeermanz ist, wo er dir erscheint, ein Zeichen mehr des Leidens als des Glücks; og

Lýsing

eða eins og hann í öðrum stað kemst að orði: Alles geben die Götter &c.

Schopenhauer lýsir svo réttilega og fagurlega kjörum og edli „sénísins" þar sem hann líkir því vid jökulklædda háfjallatinda: vanalega eru þeir alsettir skýbólstrum og þoku vafdir, en þegar upp birtir þá glitrar alt og gljáir í tindrandi ljóma. Ad ytra áliti var B. ekki mikill fyrir mann ad sjá. Þid þekkid hann öll af myndum og munid eftir þessu ófrída en einkennilega andliti med þunga alvörusvipinn. Ennid var mikid og fagurt og augum segja samtídarmenn hans hafi verid mjög einkennileg og svo hvöss, ad þegar hann leit þeim til, þá var sem þau vildu í gegnum þad sem á var litid. Hann var lágur madur vexti en þrekvaxinn og sterkbygdur og hlífdi litt líkama sínum, þegar því var ad skifta. – Þad var mesta ánægja hans og yndi ad ganga langa göngutúra út fyrir borg og upp í sveitir med minnisbókina í hendinni – er svo ad sjá sem hann hafi elskad náttúruna heitt og í skauti hennar hafa frumtökin ad mörgum listaverkum hans ordid til. Á göngum hans kom þad oft fyrir, ad hann stanzadi alt í einu, stód grafkyr um stund, sokkinn nidur í hugsanir sínar og gekk svo ýmist þegjandi eda raulandi áfram leidar sinnar. Í Vín var hann svo alkunnur ad kalla mátti ad hvert mannsbarn þekti hann

Ást á náttúrunni

Göngur

á götum borgarinnar
takta hans og einkennileik, eins og Apenumenn Sokrates fordum

Heyrnarleysid og tildrög þess

Hlífdarleysid vid líkamann vard honum dýrt; árid 1795 kemur hann einhverju sinni heim til sín þreyttur og afarheitur af langri göngu, fleygir upp öllum gluggum á herberginu, klædir sig því nær úr hverri spjör og sezt vid opna gluggana. Afleiding þessa tiltækis vard megn ofkæling, sem læknar töldu fyrstu orsökina til missis þess skilningarvits, sem honum hlaut ad verda sárast ad missa. Hvad missum vér eigi, vanalegir menn, þegar vér missum heyrnina? Alt samlíf vid nær- og fjarverandi verdur þoku- og þrautalíf, og samtímis vex einstædingshugsunin og magnast svo, ad flestir verda mannfælnir, margir tortryggir og sumir mannhatarar. Og þó er þad ekki nema vanalegt nátt úrunnar Kvalaglingur vid krakkana sína, því „mörg eru manna meinin". Átakanlega sorglegur verdur fyrst heyrnarmissir, sem annad böl, þegar hann hittir þar á sem sízt skyldi, og hann gat eigi komid hardar ne ó maklegar nidur en hann gerdi í þetta skifti, þar sem fyrir honum vard einn af mestu tónmillingum veraldarinnar; en „senisins" vegir eru eigi vorir vegir og dýrlegt er til þess ad hugsa, ad þrátt fyrir þetta punga áfall

lét B. eigi hugfallast, heldur færðist svo mjög í ásmegin, að upp frá þessum tíma, eða frá aldamótum 18. og 19. aldar, kemur hvert mildarverkið ödru fegurra frá hans hans. Samfara þverrandi heyrn virtist verða vaxandi dýpt og innileiki í listaverkum hans og það svo mjög, að ýmsir merkir söngfræðingar, svo sem Richard Wagner; telja síðustu verk hans, sem hann samdi eftir að hann var orðinn heyrnarlaus, kórónuna á allri hans snild og framtíðarmúsík veraldarinnar (sbr. 9. Symfóniuna).

Hve þungt þessar raunir hafa á hann lagzt, má vida sjá, medal annars í bréfi einu frá honum til eins af vinum hans (Amenda), sem ritað er vorið 1801. Þar segir hann svo: „Beethoven þinn lifir mjög ógæfusömu lífi, í baráttu við náttúruna og skaparann og oft hefi ég formælt honum fyrir það að gera skepnur sínar að leikfangi lítilfjörlegustu atvika, sem oftlega drepa og kremja hinn dýrasta blóma. Vita skalt þú, að það sem ég á dýrmætast, heyrnin mín – hún er mjög að þverra. Ó, hvað lífið verður nú sorglegt! Að þurfa að fará á misvið alt, sem mér er kært og ástfólgið! Hve gladur væri ég nú, ef ég hefdi mína fullu heyrn, þá flýtti ég mjær til þín, í stad þess að ég nú hlýt að verða af öllu; fegurstu æfiár mín munu flughröð framhjá líða, án þess ég fái komið öllu

Harmatölur

því í verk, er hæfileikar mínir og list mín höfdu heitid mér."
-Svona var sálarástand hans um þessar mundir. Og þó var
þetta ór medal annars fædingarár hinnar nafnfrægu sónötu í cis-moll, mána-
skins-sónötunnar svo nefndu (Op. 27. II), hún var sá kynja-
kvístur, sem þá kom úr jördu „harmafuna hitadri ad nedan."
Sónötu þessa tileinkadi hann greifinnu Giuliettu Guicciardi,
16 vetra gamalli stúlku, sem hann þá vard ástfanginn í, og
mun hafa ordid heytmey hans, þótt eigi fengi hann
hennar, med því ad hann var ótíginn madur og fólk
hennar þar af leidandi var andstætt þeim rádahag. Haustid
1803 giftist hún svo fátækum, söngfródum adalsmanni
(Gallemberg greifa), og eftir því sem B. löngu sídar
(1823) sagdi sveini sínum (famulus) Schindler, þá hef-
ur hún sídar heimsótt hann og bedid fyrirgefningar á
heitrofunum, „en ég fyrirleit hana," segir hann, og svo
bætir hann vid: „hefdi ég viljad fórna hjúskaparlífinu lífskrafti
mínum, hvad hefdi þá ordid eftir handa því, sem betra er
og göfugra (ó listinni)

Oss verdur ad taka undir med meistaranum og bæta vid
ad þad fór vel sem fór. Heimurinn hefdi ad líkindum ordid
mörgum listaverkum fáskrúdugri, ef B. hefdi kvænzt og
ósagt, hvort hjónabandid hefdi ordid honum til ánægju, eins
og hann var skapi farinn. Hann átti bezt lund vid lista-

Mánaskins-sónatan og Giulietta Guicciardi

gydjuna sína, enda átti hún hann nú heilan og óskertan.
Á árunum 1803-1805 vinnur hann af alefli ad tónverkum
sínum. Medal listaverka þeirra, sem þá koma frá hans hendi
skal ég adeins benda á nokkur, svo sem Kreutzer sónötuna (op. 47),
þridju symfóníuna, þetta heimsfræga mildarverk í tónum,
er nefnist „Eroica" eda „hetjuljódin" og Fidelio, þvi midur
einu óperuna, sem hann samdi med „ouverturunni" fögru.

Hér verd ég ad fara nokkur ár aftur á bak í tímann. Kreutzer-
Árid 1798 vard Bernadotte sá, er sídar vard Svíakonungur, sónata
sendiherra Frakka í Vín. Í föruneyti hans var medal ann-
ara Rudolph Kreutzer, frægur fidluleikari (fæddur í Versölum
af þýzku foreldri árid 1766, söngstjóri vid Opera comique
í París, riddari af heiduisfylkingunni, dó í Genf vorid
1831). Þessum, ættbona landa sínum kyntist Beethoven og tileinkadi
honum sónötu þá er ég þegar hef nefnt, þetta verk, sem
svo mikid ord hefur af farid.* En hér fylgdi meira med
heimsókninni. Bádir voru þeir Bernadotte og B. borgaralegs
kyns, bádir snillingar, hvor med sínum hætti, og bádir jafn-
hrifnir af yfirburdamanninum mikla, sem þá þegar var farinn
ad skelfa veröldina med sigurvinningum sínum, þáverandi
borgaralegum fulltrúa lýdveldisins franska Napoleon Bu-
onaparte, enda mun þá þegar hafa kviknad í huga B.s
sú hugsun ad lýdfrægja í tónum lýdhershöfdingjann mikla;

* Tolstoi hefur skrift eftir eina af skáldsögum sínum

Symfonia eroica (tildrög)

þetta voru þá fyrstu tildrögin til „Hetjuljóðanna", enda segir hann löngu síðar svo sjálfur frá sveini sínum Schindler (1823.). En lengi var hún á leiðinni symfónan sú, enda skal það vel vanda, sem lengi á að standa (sbr. Faust etc). Hugmyndin að henni hefur lengi legið í hjarta hans og huga og smámsaman þróast þar, en samtímis fjarlægðist Bonaparte meir og meir lýðveldishugsjónina, sem Beethoven unni af alhuga, og mun það hafa dregið úr framkvæmdum hans með verkið. Um aldarlok standa þeir báðir, jafnaldrarnir, sem sigurvegarar, facile primi inter pares, annar í tónlistinni, hinn í hernaðarlistinni og – þegar öll kurl koma til grafar – ef til vill miklu líkari en flesta grunar, báðir jölunmenni í lund og verkum og báðir búnir í jöfnum mæli þeirri gódu gáfu, sem snillingarnir, eða réttara sagt seníin ein eiga: intuitióninni s. augnabliks-gagnrýninu að því insta, hvor í sinni grein.

× Anton Schindler (1823.).

× f. 1795 í Medl. í Mähren + 16/1 1864 Kapellustjóri við leikhús í Vín 10 ára húsvinur B. (s. sambýlismaður)

Til sönnunar því, hvernig B. hefur litið á Bonaparte um það legti, sem þessi symfónía var að komast á pappírinn, eð rétt áður, skal það tekið fram, að söng bókaverzlun ein í Leipzig, sú sem nú er heimsfræg og ber nafnið „Edition Peters" hafði farið þess á leit við hann árið 1802, að hann semdi eitthvað í þessa átt til virðingar við Bonaparte; svarið hljóðaði þannig:

„Hefur djöfullinn hertekid ykkur, herrar mínir, þar sem þid stingid upp á, ad ~~þid~~ ég semji slíka sónötu? Medan stjörnbyltingarhitinn sand í blódinu, þá hefdi eitthvad slíkt getad fædst. En nú – þegar alt er ad renna aftur í sama gamla farveginn, og Bonaparte hefur gert kirkjusamninginn (concordatid) vid páfann – eiga þá ad semja slíkt!" Þó hélt symfónían áfram ad dafna í huga hans og árin 1803-04 fædist hún á pappírinn. Vorid 1804 er hún fullger í afskrift og efst á titilbladinu stendur – þrátt fyrir alt – þetta eina ord: Bonaparte og nedst á sömu bladsídu: Luigi van Beethoven, þessi tvö nöfn og ekkert annad. Þá heyrir hann ad Buonaparte sé nýbúinn ad láta gera úr sér Napoleon keisara. Honum verdur þá strax ad ordi: „Er hann þá líka ekkert annad en vanalegur madur! Nú mun hann öll mannréttindi fótum troda, einungis fullnægja metordagirndinni sinni, og verda hardstjóri!" Samstundis rífur hann titilbladid í sundur og kastar verkinu á gólfid. Leit eigi á þad í langa tíd. Þegar þad svo loks kemur á prent árid 1806 þá heitir þad: Simfonia eroica componist um das Andenken eines grossen Mannes zu feiern (Hetju ljód samid til ad heidra minningu mikils manns). Eignad var þad þá vini hans, sem ég

-ádur hef nefnt, Lichnovsky fursta. Hann hafdi loks-
sbr. op. 26 sónata pantad þad fyrir hjá B. og þegar 1804 látid spila þad fyrir
prinzinn Louis Ferdinand, sem lét spila þad alt fyrir
sig 3 sinnum hvad eftir annad.

Hvad er nú þessi sýmfónia? Mannlífssaga í tón-
um og hún svo stórkostleg, ad sá, sem einu sinni hefur
heyrt og lyru hefir ad heyra, gleymir aldrei. Yfir 25 ár
eru sídan ég heyrdi hana sídast (í Tivoli hjá orkestri
Baldvins Dahls) og enn hljóma brotin úr henni fyrir eyr-
synkópurnar um mér t. d. taktruglinguinn og misræmid feyknalega,
þegar alt er ad svigna, bogna og brotna undan heljar-
átökunum og svo ad síðustu andarslitur kraftsins
og yfirburdanna og dánarljódin fögru: Der Trauermarch
Fegursta, dýpsta og þrungnasta sorgarljódid, sem enn
hefur verid ort í tilverunni. (Ilt er ad vera á íslandi
borinn – brádum mannsaldur sídan ég heyrdi þessa ó-
gleymanlega – eilífu tóna!)

Fidelio Um Fidelio, sem einnig fædist um þettá leyti
(1804-05), skal ég vera stuttordur og þad því fremur,
sem ég aldrei naut þeirrar ánægju ad heyra hann
alla þá tíd, sem ég var í Danmörku, ~~or~~ en „ouverture"
hans þekki ég vel, einnig ýmsa tvísöngva (dúetta)
úr óperunni. Ópera þessi – sú eina ~~sem~~ meistarinn

nokkru sinni samdi - var óskabarn hans og eftirlæti; en svo virdist hafa farid um hana, sem oft vill verda um eftirlætisbörn, ad hún vard honum eigi til þeirrar ánægjar, sem vid hefdi mátt búast og bar margt til þess. Beeth þótti heimta fullmikid af söngvurunum í tilliti til raddrýmis og raddstyrkleika, óperan þótti ~~fólki~~ einnig of löng, og eigi svo söngþýd, sem menn höfdu átt ad venjast hjá Mozart og hinum ítölsku listamönnum (Cherubini, Salieri etc.), en hér vid bættist svo, ad orustugnýrinn því nær kæfdi hana. Hún er fullger haustid 1805, en 13. nóv. sama ár heldur Napóleon innreid sína í Vínarborg med her mans og þ. 20. nóv. og næstu daga er svo óperan prisvar leikin fyrir mestmegnis frakkneskum herforingjum í stad hins listnæma Vínaradals, og var lítill rómur ad hennu gerdur, enda tók B. hana aftur frá leikhúsinu. Vinir hans tóku sig nú saman um ad fá hann til ad stytta leikinn, og var stadurinn til þess valinn hjá nollvini hans Lichnovsky fursta. Eins og geta má nærvi, gekk þad eigi greidlega; menn höfdu aldrei séd hann jafn astan, fyrst eftir sex stunda strit tókst loks ad fá hann til ad stytta leikinn lítid eitt, mest fyrir grátbón Christiönu Lichnovsky furstinnu. Nú var aftur farid ad leika og gedjadist mönnum þá betur ad leiknum, en þó var B. 2 Leonore-ouvertýr ur

hinn óánægdasti, tortrygdi alt og alla og tók ad lokum óperuna aftur. Síðan var hún eigi leikin fyr en árid 1814, þá komst hún ad sídustu til þess vegs og þeirrar virdingar, sem hún átti skilid.

Appassionata (sónata opus 57 c moll

Kynleg skepna er madurinn og kynlegust fyrir fjölbreytileik sinn. Hvílíkt hyldýpi mismunar og mótsetninga! Það er löng leid frá dýrslegum Ástralíusvertingja alla leid ad íturfrídum Evrópubúa, frá Bakkabrædrum til Njáls, frá mannfýlunni upp í mannvininn, en sízt er hún skemst leidin frá hugarhreysum hugsjónalausra vanans jórturræfla upp í hásali tilfinninga og hugsjóna „sénísins". En gott eiga ekki þeir menn, sem í þeim sölum búa hér nedra, nema einstöku sinnum, eins og ég hef ádur sagt, mannkynid skilur þá ekki, þegar þeir fyrst koma í ljós, nem einstöku menn (svo sem erkihertogi Rudolf skildi þeirra vinvorn), og séu þeir listamenn, þá er því nær ætíd taugakerfi þeirra, hjarta og heili svo einkennilega vidkvæmt, ad flest verdur þeim ad leidindum og kvöl, nema þau atridi náttúrunnar og mannlífsins, sem þeir setjast á eins og bíflugur, og búa til úr þeim ~~sitt~~ hunang. – Svo var einnig um vorn elsku vin og ef til vill í stærri mæli en flesta adra merkisbera mannlegra hugsjóna.

Sterkur ad edlisfari, tilfinninga nærnur en þó bjarg-fastur, óhlífinn í ordum en þó ordsjúkur, lundtryggur og ógleyminn vinur, en vinur med listamanns lund, sem vinum vard oft ördugt ad umbera, skyldunnar og ærunnar merkisberi einn sá allra hreinasti. Og svo sídast-en ekki sízt-skal þad enn tekid fram, ad rannir mannlegs lífs lögdust þyngra á þenna alvöru mann og komu sterkari og sorglegri á hann en marga adra. Um heyrnarleysid hef ég talad, og kveinstafirnir í bréfum hans og í samrædum vid vini hans um þetta ólán eru svo hjartsárir, ad eg vil eigi um þá meira segja en ádur er sagt, en þad var ekki nóg aftur vard hann ástfanginn, í þetta skifti (1806) sterkar og dýpra en fyr.

átti hann ekki samleid med

Kvalabikarinn var eigi tæmdur

Helgustada-erfdaskráin; svo leyfi ég mér ad nefna hid svo nefnda Heiligenstädter testament-bréfid hans fagra, sem hann skrifadi sjúkur og ástsærdur 1802 (sbr. Giulietta Guicciardi), þegar hann hugdi sig dauda nær, er ad vísu fagurt og hjartnæmt, en í sérkennilegleik og innileik jafnast þad þó eigi vid bréf þad, sem fanst í skáp hjá honum, ad honum látnum, „An die unsterbliche Geliebte" (Til elskunnar minnar ódaudlegu). Ádur ætludu menn, ad þetta bréf væri til Giuliettu, en þad mun hafa verid stílad

Helgustada-erfdaskráin

An die unsterbliche Geliebte

og ætlad þeirri konu, sem gefid hafdi honum olíu mynd af sér, sem einnig fanst í reitum hans, greifinnu Theresu Brunswick; undir myndinni standa þessi ord: „Dem seltenen Genie, dem grossen Künstler, dem guten Menschen von T. B." (Séníinu sjaldgæfa, listamanninum mikla og gódmenninu frá T. B.). Bréfid B.s er skrifad á badstöd á Ungverjalandi 6. og júli 1806 og er eldheitt ástarbréf. Þetta sumar heimsækir

Appassionata

hann líka Franz von Brunswick greifa bródur Theresu og hjá þeim lýkur hann vid sónötu þá (op. 57), sem nefnd er „appassionata" og hann taldi bezta allra sinna sónata. Hana tileinkadi hann Brunswick

4. symfónían o. fl.

greifa. Auk hennar starfadi hann einnig ad 4. symfóníunni, kvartettum og fidlukonsertum þetta sama ár, svo ad þad er eitt hid audugasta ad ágætisverkum af æfiárum hans - hann fékk ætíd „sigur eftir hverja

Saupsætti vid Lichnovsky

hríd". Um hauslid fer hann svo frá Ungverjalandi til Slesíu í heimsókn til vinar síns Lichnovsky fúrsta þá var þad, ad Lichnovsky vildi neyda hann til ad líka á hljódfæri fyrir frakkneska herforinja, sem voru á vist hjá honum. B. þverneitadi, þeir urdu ósáttir og B. yfirgaf höll hans í brædi, hélt beina leid heim til Vínarborgar og mölvadi, þegar heim kom, hrjóstmynd

sem hann átti af þessum vini sínum (afhöfðadi hann in effigie). Innan skams var samt þetta saupsætti gleymt og þeir urðu beztu vinir sem fyr; en sagan sýnir bæði það, að hann lét aldrei neyða sig til neins og hins vegar, hvernig óbeit hans á Napóleon og Frökkum óx eftir því sem yfirgangur þeirra magnaðist; þetta ár bíðu Prússar og Saxar óigurinn við Jena og Auerstädt (14 okt. 1806), þegar B. fréttir um hrakfarir ~~þeirra~~ þeirra gegn Napoleon mælir hann þessi einkennilegu orð: „Schade dass ich die Kriegskunst nicht so verstehe wie die Tonkunst, ich würde ihn dach besiegen" (því er ver, að ég ber eigi sama skjubragð á hernaðaráþróttina sem tónlistina, þá mundi ég bera hann ofurlidi.). Eftir þessum orðum að dæma virðist þessi jafnaldri Napoleons einnig hafa skoðað sig sem nokkurs konar keppinaut hans í fragð og krafti, enda segir hann líka á öðrum stað: „Kraftur er siðalærdómur* þeirra, er af öðrum bera, svo er og um mig". Hér kemur sem oftar svo ljóslega fram hjá honum, að hann vissi vel, hvað í honum bjó og hafði hreinlyndi til að kannast við sjálfstraust sitt.

Um mæli B. eftir orustuna við Jena

*moral

Um þessar mundir mun það hafa verið ríkt

í huga hans, ad fara ad gefa sig fyrir alvöru ad „óperum," því ad þad var ardvænlegra og þá meiri von til ad til hjúskapar gæti dregid med honum og konu þeirri, sem hann elskadi; nú bar einnig svovel í veidi, ad samtímis var bádum hirdleikhúsunum í Vín steypt saman og komust þau í hendur aud-ugra adalsmanna, þar á medal manns, ad nafni Lobkowitz, sem var honum vinveittur og hvatti hann til ad gefa kost á sér sem föstum óperu-komponista vid leikhús þeirra. B. tók því med gledi og bandst til ad semja árlega eina stóra óperu og eina smá-óperettu; og til ad byrja med ritadi hann um þar mundir ouvertýruna ad „Cariolan" eftir Collin, og hafdi jafnvel í huga ad semja óperu vid „Faust" eft-ir Goethe, ef einhver fengist til ad breyta honum í sjónleik. En alt fór þetta út um þúfur. Meiri hluti stjórnendanna trúdi honum ekki fyrir þess-um starfa, med því hann hafdi ádur mestmeyn-is stundad hljódfæralistina, og B. mýr vid þeim bakinu gramur í skapi vid „leikhúss-skrílinn furstalega," sem hann svo nefndi Víst er um þad, ad fród-legt hefdi verid ad sjá, hvad Faust hefdi ordid í höndum slíks manns, sem B. var, en mundi nokkur

vilja skifta á vonunni um það, hvað hann þar hefði gert, og vissunni um það, sem nú kom frá hans hendi. Cmollsymfónían, pastoralsymfónían (hjarðlífs-symf.) 1808, og nokkru síðar (1811-12) sjöunda symfónían. Um Cmoll symfónínna (5 symf.) fer einn tónfræðingur (L. Nohl) svofeldum orðum: „Menn hafa nefnt þann kraft „vilja", sem skapað hefur alheimium og viðhaldið honum og músíkina beina framkomu (Erscheinung) þess kraftar, þar sem aðrar listir einungis sýndu myndir af þess um vilja = hlutina í veröldinni. Nú er það svo, að í fyrstu setningu þessarar symfóníu er þenna kraft í persónulegri viljamynd svo magnaðan að finna, að þess er naumast dæmi nokkurs staðar í listinni. Hann kemur fram í allri sinni starfsemi; í allrisimi göfgi og Júpiters symfónía ætti þetta verk að heita, því að það er Al-föður höfuð á henni eins og nokkur Fidias hefur nokkru sinni hugsað-það bezt," o. s. frv. (sbr. Hector Berlioz um þetta verk). (Adagio: persónulegur vilji finnur sig vanmáttugan gegn örlögunum og hlýðir alveldinu í ~~[illegible]~~ undirgefni af frjálsum vilja, sem svo triumferar í loka-allegránni).

Þá er pastoral-(hjarðmanna) sýmfónían (6. sýmf.) Pastoral symf. þessi yndislegi lofsöngur til náttúrunnar. Hún heyrir ónían.

til þeirri tegund af symfónium, sem nefnast symph. á programme e. sýning viðburða og sér stakra kringumstæða í tónum með stuttri fyrirsögn í orðum (á prógraminu). Hér eru hinar fegurstu náttúrulýsingar í tónum lækirnir niða, fuglarnir syngja, hjarðmennirnir skemta sér, svo skellur á óveður og hver fordar sér sem bezt má, en brátt slotar því, sólin blessuð fer aftur að skína og með henni færist aftur yndi, líf og ljós yfir sveitina og alt endar í fögnuði og gleði.

sbr. Berlioz: Sinfonie fantastique. Spohr: Die Weihe d Tönen, Dittersdorf & Rosetti.

Batnandi fjárhagur

Árið 1809 var að því leyti happadrjúgt fyrir Beethoven, að fjárhagur hans breyttist stórum til batnaðar. Konungurinn í Westphalen, Jerome, bróðir Napóleons mikla, hafði árið áður gert honum tilboð um að verða hirðkapellustjóri hjá sér og B. aftók það ekki í fyrstu. En mörgum sárnaði að missa meistaranu frá Vín og því var það að þrír listelskir menn tóku sig saman um, að koma í veg fyrir brottför hans. Vovu það þeir erkihertogi Rudolph (lærisveinn B.s), og furstarnir Lobkowitz og Kinsky; þeir ábyrgðust honum 4000 Fl. eða 8000 mörk (nál 7200 krónur) og fylgdi þeirri gjöf engin önnur skuldbinding en sú, að yfirgefa eigi Vín eða Austurríki; en góð var einnig gjöfin, sem Beethoven gaf

nokkuru síðar (1810) kom eins þessara manna, furstafrú Klinsky, því hennri tileinkaði hann hina innilegu og afbragðs fögru „6 söngva" sína (opus 75), þar á meðal lögin við ljóð Goethes: Kennst du das Land (Bekkerdu land) og „Neue Liebe, neues Leben" (Herz, mein Herz was soll das geben?) o.s.frv. opus 75. Sechs Gesänge

Hann er nú glaðari í lund en áður, frá ástamálum er hann eigi horfinn, enn kveinstafirnir sem áður heyrðust eru þagnaðir og í þess stað bregður nú stundum fyrir glensi svo sem þegar hann segir við einn af vinum sínum: „Nú getur þú verið mér hjálplegur og farið í konuleit fyrir mig, finnir þú einhverja, sem er fögur og ef til vill fáanleg til að eyða einu andvarpi upp á harmóníurnar mínar, þá ger þú út um málið fyrirfram. En fögur verður hún að vera; ég get ekkert ófagurt elskað - því annars hefi ég að elska sjálfan mig." Nú hugkvæmist honum að létta sér upp og fara til Englands - til þjóðarinnar sem hann ætíð virti svo mikils - og jafnvel til Spánar. En ekkert varð úr þessari fyrirætlun, því aftur gýs upp ófriðarloginn, orustan við Wagram (5.-6. júlí 1809) er háð, Franz II. fer enn halloka fyrir Napóleon, Þýzkaland og Austurríki liggja enn varnarlaus fyrir fólum heljarmennisins, og Austurríkiskeisari neyðist Viðkal við Gleichenstein

Fyrirhuguð langferð

jafnvel til ad fórna dóttur sinni á altari metorda-
girndar og stæriletis „ræningjans frá Korsíku", sjálf-
um sér, þjód sinni, og sérstaklega Vínarbúum þvernand-
ugt, sem ætludu ad ganga af göflunum, þegar þeir
sáu ungu keisaradótturina sína flutta í herleidingu til
erfdafjandans. En oflæti veit á fall. Nú voru þjód-
irnar farnar ad rísa upp gegn yfirganginum og
hrunid var nærri. Medan þessu fer fram er B. ekki
Sjöunda symfón- adgerdalaus, hann er þá ad skapa 7. symfóníuna, sem
ían Richard Wagner hefir kallad „Apotheose des Tanzes",
godfræginga dansins, en ekki er þad borgaralegur dans,
heldur herdans, fullur af Hófdunum, fánablakti og
lúdragjalli. Vinur B.s og lærisveinn ekihertogi Rud-
olph yfirgefur nú Vín og B. sendir honum tóna-
kvedju sína (Kvedju sónatan (Lebewohl) op. 81a.) Sumarid
1809 dvelur B. hjá Brunswick í Ungverjalandi og semur
þar op. 77 og 78. Heimkominn til Vínar um haust-
id hefir hann margt fyrir stafni. Schiller var um
þessar mundir mikid leikinn og í hávegum hafdur,
og B. hafdi í hyggju ad semja músík vid Tell, breyta
hinu fagra kvædi Schillers „Til gledinnar" (Fagra gledi,
guda logi) í tónverk o.s. frv. Ekkert vard samt úr
þessu, en í þess stad semur hann hina fögru

ouvertyru vid Egmont eptir Goethe. Um þessi tvö Samtal vid
þjódskáld þýskalands fer hann þessum ordum, sem Czerny
óvíst er ad allir undirskrifi: „Kvedskapur Schillers er
afarördugur fyrir tónskáldid. Þad verdur ad getahafid
sig hátt upp yfir ljódskáldid, en hvergetur þad, þar
sem Schiller er annars vegar. Þá er Goethe miklu
léttari vidfangs."

Árid 1810 er Beethoven aftur kominn í ógörgur í
ástamálum. Í bréfum sínum líkir hann sér vid Herkúl-
es hjá Omfale drottningu. Segist þó mundi geta ordid
gæfusamur madur ef illvættur hefdi eigi tekid sér
bólfestu í eyrum sínum, kvedst fyrir löngu hafa rád-
id sér bana, hefdi hann ekki lesid einhversstadar, ad
menn mættu eigi af sjálfsdádum yfirgefa lífid, med-
an þeir voru færir um ad láta nokkud gott af sér leid-
a. Telur lífid reyndar fagurt, en sér sé þad upp frá þessu
baneitrad ordid. Hann bidur um skírnarvottord sitt, og er
sem líf liggi vid. Þrem mánudum seinna í ágústmán-
udi, segir vinur hans Brenning, ad alt muni hafa far-
id út um þúfur med rádahagum. Konuna þekki
um vér eigi, en ýmsir geta til, ad hér sé átt vid „ást-
ina hans ódandlegu," sem hann svo nefnir og ég
hef ádur um getid, Theresu Brunswick og muni

hún hafa tekid af skarid, enda var hún, nú orden 32 ára gömul og B. fertugur madur med sívaxandi heynarstjóleik. Víst er um þad, ad frá þessum tíma minnist hann hennar aldrei í bréfum sínum og um sjálfan sig segir hann „Fyrir þig, veslings Beethoven, er engin ytri gæfa til, þú verdur ad skapa þér alt í sjálfum þér, einungis í heimi hugsjónanna finnur þú vini."

Minnast lauslega á Therese Malfatti 18 ára stúlku

Um þetta leyti kemst Beethoven í kynni vid kvennmann ad nafni Bethina Brentano, gódkunnan í bókmentasögu Þýskalands, þáverandi heitmey Achim von Arnims og leiddu þau kynni til nánari persónulegs kunningsskapar vid Goethe. Bethina þessi var ágat kona, skynsöm vel og elskadi tónlistina út af lífinu og hlaut þar af leidandi ad verda hugfangin af B. og list hans. Einn gódan vedurdag í maimánudi gerir hún sér þér hægt um vik og ferbeina leid heim til hans med systur sinni, er gift var lögfrædingnum alkunna í rómverskum rétti, Saviguy og tekur B. mætavel vid þeim systrunum, hann söng fyrir hana med skarpri og skerandi röddu en med innilegri tilfinningu lag sitt vid ord Goethe: „þekkirdu land". Bethina var hrífin og augun tindruden

Nú, einmitt það

„Já, er það svona" segir þá B., „flestir komast við er þeir heyra eitthvað gott, en ekki er það listamanna edli, listamenn eru eldheitir, en gráta ekki." Svo fylgdi hann Bertínu þegar í stað heim til hennar og voru þau upp frá því beztu vinir og daglega saman.

Beethoven - Goethe

Eigi lét Bethina það lengi bida að fræða Goethe um viðræður sínar við B. og álit sitt á honum, hælir honum á hvert reipi, talar um hans háu köllun, frumleik hans, starfsþrek og segir að síðustu: „Ó, Goethe, enginn keisari og enginn konungur hefur jafn ljósa meðvitund um veldi sitt og mátt sem þessi Beethoven." Skáldkonungurinn í Weimar svarar á sínu mjúka máli „gleðst yfir að hafa fengið mynd af sann-geniólum anda," talar um ljósleiptrin sem lýsi upp hjá slíkum mönnum og búi til sólbjart ljósið meðan aðrir sitja í myrkri og eigi hafi hugmynd um úr hvaða átt dagurinn komi o.s.frv. og býður honum svo að heimsækja sig í Karlsbad. - Beethoven notar sér eigi boðið og hittir hann eigi fyr en 1812 við baðstöðina í Tepslitz. Þar var þá margt merkra manna saman komið, keisara hjónin frá Vín, dóttir þeirra kona Napoleons keisara, konungurinn í Saxlandi, hertoginn í Sachsen-Weimar og margt

annad stórmenni. Sídar komu þeir þangad, Goethe, Savigny og svili hans Achim von Arnim med konu hans Bethinu. Þetta var einvalalid úr bádum attum-þeirri erfdalegu og andlegu og nú ber fundum stærstu höfdingjanna í hópnum saman og þad á svo einkennilegan hátt, ad allir muna sem einu sinni lesid hafa (ad minnsta kosti stendur þad nú er ég les þad aftur eftir 34ár í annari bók, alveg á sama hátt fyrir mér, sem þegar eg las þad ungleingur í skóla og illa stautandi í þyzkunni, nema ad ég var búinn ad bæta Napoleon sjálfum inn í hópinn) Hirdskáldid frá Weimar, madurinn med tunguna tvíræðu og kurteisina miklu -sem hafdi gefid svo gódan ard- vill hrada sér ad hneigja sig og beygja, fyrst fyrir keisarafrúnni og gefur B. bending um hid sama „mit feierlich hátídlega sidprúdum becheidenen" ordatiltekjum. „Nei," segir B., svona megid þér ekki fara ad því. Þér verdid ad lemja þad inn í þá, hvad þeir eiga (í ydur) þar sem þér erud, annars verda þeir þess aldrei varir. Eg hef haft adra ad ferd vid þetta fólk." Svo skýrir hann frá, hvernig erkihertoginn hafi einu sinni látid sig bída (vidtals) og svo hafi hann (B.) blátt áfram farid leidar sinnar; ad vísu gætu þessir menn hengt krossa á fólk,

búid til hirdrád og þess konar en engan Goethe, engan Beethoven, og þeir yrdu ad taka tillit (respect) til slíks. En ekki batnar nú, því nú kemur öll hirdin og þá segir Beethoven: „Haldid þér (bara) í handleggium á mér, þeir verda ad víkja fyrir okkur." Goethe losadi sig samt, vék til hlidar og tók djúpt ofan, en B. gekk þvert yfir gólfid? og gegn um þraungina „mit untergeschlagenen Armen" og tók lítid eitt í hattinn, en fylkingin klauf sig til ad gefa honum rúm, og allir heilsudu þeir honum vingjarnlega. Þegar hann var kominn yfir um stanzadi hann og beid eftir Goethe, sem stadid hafdi allan tíman jarðhítun hinum megin medan hirdin gekk fram hjá. Þegar hann aftur nær Beethoven segir B. vid hann: „Eftir ydur hef ég bedid, því ég virdi ydur og heidra, eins og þér eigid skilid, en hinum hafid þér sýnt of mikla virdingu." Svo fór B. til hirdarinnar og skýrdi henni frá öllu saman. Má geta nærvi ad hirdmanninum frá Weimar hefur þótt nóg um þessar adfarir, endaparast honum nokkru sídar þannig ord um B.: „Ég hef kynst Beethoven og er ordinn forvida á hæfileikum hans, en því midur kann hann sér ekkert hóf, og þótt hann med réttu telji veröldina vidbjödslega, þá mun hann þarmed hvorki gera hana atgætilegra fyrir sig né adra. En samt

x Med krosslagda arma

hefur hann mikid sér til afsökunar og er mjög brjóstumkennanlegur, því heyrn hans er á förum. Hann, sem er kaldlyndur ad edlisfari, verdur þad mikid meir sakir heyrnarskortsins.

Amalie Seebald

Árid 1811 kemst Beethoven í kynni vid stúlku ad nafni Amalie Seebald, gáfada og fagra 25 ára gamla, med fegurstu söngrödd og auk þess mjög vidkynningarþýda og látprúda; hann verdur nú í sídasta sinni ástfanginn og svo fór um þetta sem adrar ástir hans, ad hann hreppti eigi þá, sem hann unni. Árid 1815 giftist hún Krause justizrádi, en Beethoven syngur út sorgina og þrána eftir hana í hinum skínandi fögru söngljódum vid kvædaflokk eftir A. Jeittels: An die ferne Geliebte eda Ástin í fjarlægd (opus 98). (1807-1810) In questa tomba. Lied aus der Ferne. Andenken. Sehnsucht (Goethe), der Liebende, der Jüngling in der Fremde, 3 söngvar eftir Goethe o.s. frv.)

An die ferne Geliebte (op 98) Auf dem Hügel sitze ich spähend etc.

— " —

Árin 1812-1813 voru mæduár fyrir marga, þará medal Beethoven. Ástandid var um þær mundir slæmt í Austurríki. Þjódbankinn vard gjaldþrota, ýmsir vinir hans töpudu stórfé og hann leid sjálfur fjártjón, vinur hans Kinsky deyr snögglega, sá er hann hafdi fjärstyrkinn

frá, Lobkowitz kemst í fjárkröggur mestu, Karl bródir hans verdur sjúkur og honum telur hann sér skylt ad hjálpa. Þar vid batist, ad heimilislíf hans er hid ömurlegasta, hann verdur ad vafsast í öllu sjálfur, er ad spyrjast fyrir um hvad þurfi til hvers eina, hve mikid madur þurfi a braudi etc. á dag, standum vantar hann hin einföldustu lífsskilyrdi, svo sem sko á fæturna til útgöngu og þar fram eftir göt unum. Hann verdur a alvarlegri og sorgmæddari í skapi. Í dagbók sína ritar hann 1812: Undirgefni innilegasta undirgefni undir örlaga dóm þinn – þú mátt ekki vera madur fyrir sjálfon þig, einungis fyrir adra. Engin gæfa er framar til fyrir sjálfon þig, nema í sjálfum þér og listinni þinni. Ó! drottinn gefdu mér kraft til ad sigra sjálfan mig. Mig má ekkert lengur vid lífid fjötra."

Í þessum rannum verdur hin fyrirhugada Lundúnaferd hans a ríkari í huga hans og nú ber svo vel í veidi, ad hann hygst ad geta fengid gódan samferdamann, þar sem Mälzl var, sá er fann upp taktmælinn og þá hafdi nýlega gert adra uppgötvun, hid svo nefnda „Panharmonikon (hljódfæri med 5 oktövum og því nær fullum orkester – hljódfjölda,

Fyrirhugud Lundúnaferd

Mälzl

um 4 álnir á lengd 5 fet á breidd og 10 fet á hæd, leikur heilar ouvertýrur og önnur löng tónverk). Mälzl vildi verda honum samferda til Lundúna, en fyrst taldi hann askilegt ad sigur Wellingtons yfir Frökkum hjá Vittoria á Spáni (21 júní 1813) yrdi frægdur í tónum. B., sem hatadi Napoleon, en elskadi Englendinga, tók hugmynd þessari fegins hendi. Tónverk sem hann upphaflega hafdi samid fyrir lúdra fékk Mälzl hann til ad umrita fyrir orkester og þannig fæddist þessi „orustusymfónía" (op. 91). Þann 12. d. des. m. 1813 halda þeir svo konsert í Vín „til ágóda fyrir þá hermenn", er örkuml höfdu hlotid í orustunni vid Hanau", med ad stod bestu tónskálda í Vínarborg (Salieri, Himmel, Moscheles etc. og utanbæjarmanna t. d. Meyerbeers)

Cfr. Spiladós

Konsert 12/12 1813

sjálfur nefndi hann hana „Dummheit"

Konsert þessi hepnadist ágætlega, Fólkid vard sem frá sér numid og fagnadarópum og lófaklappi ætladi aldrei ad linna. Nú var í eitt skifti fyrir öll því nær einróma Beethoven vidurkendur lárvidartórskáld þjódarinnar, og hefdi hann ekki talid skyldu sína fyrst og framst ad vinna í þjónustu þess, sem „göfugt er og gott", eda eins og hann sjálfur segir annarsstadar: „þess almáttuga, eilífa, óendanlega," en ekki lýdhyllinnar, þá lá nú braulin bein og opin bædi til fjär og frams.

Fyrst haldu hann konsert til ágóda fyrir sjálfa sig

Nú snýr hann sér um stund aftur að gömlu ást-
barni sínu, Fidelio; leikritaskáldið Freitschke er fenginn Fidelio 23/5 1814
til að fara á ný yfir textann, og hann gerir enn tilraun
til að stytta hann og bæta, medal annars lýsir hann
sálarástandi Florestans í dýflissu-scenunni með
allhögum orðum og að því loknu kemur Beeth. eitt
kvöld til hans. Heimsókn þessari lýsir Freitschke Kvöld hjá
sjálfur þannig: „Það sem ég nú alla að segja, mun Freitschke
aldrei mér úr minni líða. B. kom til mín að
kvöldi dags. Hann las, hljóp fram og aftur um herbergið;
í stað þess að syngja, muldraði hann og rauladi, eins
og hann var vanur, og skelti svo hljóðfærinu opnu.
Konan mín hafði oft bedið hann að spila og ekki
fengið áheyrn, en nú lagði hann textann fyrir fram-
an sig og byrjaði á dásamlegum kynjalögum, sem
því miður enginn töfrakraftur fékk fangað. Tímum
leið og B. hélt áfram hugarleik sínum. Kvöldverður
var á borð borinn, en hann gaf því engan gaum.
Seint og síðar meir faðmar hann mig að sér, vill enn
ekki snæða en skundar heim. Daginn eftir er söng-
urinn til (fertig)

Þ. 23. d. maím. 1814 var svo Fidelio leikinn endur-
bættur og í þetta sinn var sigurinn eindreginn og alger

Þegar eftir fyrsta þátt var meistarinn kalladur fram
med miklum krafti og honum heilsad med stórkostlegum
fögnudi, og því oftar sem leikritid var leikid, því meiri
Vínarkongressinn vard sigur þess. Þ. 26. sept. sama ár er þad Fidelis,
sem leikinn er til virdingar fyrir þjódhöfdingja samkom-
una miklu í Vínarborg og 29. nóv. sama ár lifir B.
hins stoltustu augnablik lífs síns, þegar kantata hans
Der glorreiche Augenblick (op. 136) "der glorreiche Augenblick" (augnablikid dýrdlega) samin til
minningar um, ad Evrópa var laus ordin vid Napoleons-
martrödina, var sungin fyrir „parterri" af konungum
eins og hann sjálfur kemst ad ordi. Ó, svo skamt nær
mannleg getspeki, ad engum datt þá í hug, ad þá var
verid ad fara úr öskunni í eldinn, úr stálklóm hard-
stjórans mikla, yfir í hendur hinna mörgu, drísildjöflanna
smáu. En hvad sem nú um þader, þad voru ekki tómir
konungar, sem hlustudu á B. þá, heldur þúsundir annara
mentadra manna. Samkoman var hátídleg og hágöfug og
„klapp" átti ekki ad eiga sér stad. En „náttúran er
náminu ríkari." Fegurdin gagntók svo á sumum stödum
í verkinu áheyrendurna, ad þeir urdu allir ad láta
í ljós þökk sína og gledi, og þad svo frekleg, ad undir
spil B. kafnadi í þeim fögnudi. „Ég er þreyttur af erfidi,
skapraunum, ánægju og gledi, öllu í einu og hverju innan

um annad (durch einander)," segir hann. Audvitad var einnig 7. symfónían og „die Schlacht" einnig láthar hljóma í þetta skifti

Í fjárhagslegu tilliti var þetta B. til mikils góds. Þjódhöfdingjarnir gáfu honum gjafir og sérstaklega vard keisaradrottningin í Rússlandi drjúgust í framlögunum enda pantadi hún hjá honum „Polonaise" (op. 89). Fyrir þad fé, sem honum þá áskotnadist bjó hann til sjód, sem enginn vissi af fyr en ad honum látnum, ad upphæd 20 þús. mörk (ca. 18 þús krónur) Auk þessa fekk hann árlega af samskotafé vina hans, sem ádur er getid 2700 mörk (ca. 2430 kr) til dandadags. En heimilislíf hans var útdráttarsamt, sífelt skifti á verustad og vinnuhjúum og honum eigi sýnt um fjármál, fremur en ýmsum ödrum listamönnum, svo ad hann vard enn sem fyr ad miklu leyti ad lifa á verkum sínum.

Bródursonur Beethovens

Hér vid bættist ad B. fékk nú, þótt barnlaus væri, barn ad annast. Bródir hans, Karl var látinn og hafdi á dánardægri bedid hann fyrir einkason sinn ~~Jóhann~~ ad sér látnum. Drengur þessi var barn ad aldri, 7-8 vetra, er hann misti födur sinn og vard födurbródur sín um enginn happafengur. Ad vísu mun hann eigi hafa verid mikid verri, en gálausir unglingar oft eru á hans

reki, og B. víst eigi mjög sýnt um barna-uppeldi, sem heldur eigi var vid ad búast, en svo jók þad eigi lítid á armædu hans og umstang út af drengnum, ad hann hafdi ætíd haft hina mestu óbeit á módur hans, sem var gjálíf og hálfgerd vandrædaskyna, enda kalladi hann hana aldrei annad en „nøturdrotninguna". B. komst nú í stímabrak og málaferli vid hana út af drengnum og stód í því þófi svo árum skifti, því ad B. vildi, eins og edlilegt var, gerast fjárhalds- og forvádamadur hans, og láta hana afsala sér öllum yfirrádum yfir barninu, enda tókst þad ad lokum, þótt tregt gengi. Víst var um þad, ad hann vildi reynast drengnum eins og bezti fádir og þótti svo vænt um hann, sem hann ætti hvert bein í honum. Undir framkomu drengsins átti hann bædi sorg sína og gledi, og lítt starffær var hann, þegar hann var í öngum sínum drengsins vegna.

Á árunum 1814 og 1815 semur hann ýms tónverk, svo sem sónötuna (op. 90), er nefnd hefir verid „bardaginn milli heilans og hjartans," sem hann eignadi Moritz Lichnovsky greifa, söngvana vid „Merkenstein" Gjödin og vid „Vonina" eftir Tiedge, sem hann samdi handa söngvaranum Wild til ad syngja, enn fremur kórsöngvana „Sækyrd" (Meerestille) og „Fararheill" (op. 112), er

hann síðar tileinkaði Goethe (1822) og loks cello-sónu öturnar (op. 102), er þykja afbragð í þeirri tegund og bera vott um vaxandi trúarlíf í sálu hans, enda ber æfisögurituru hans saman um, að hann hafi verið trúmaður, þótt fremur mumi mega telja hann guðstrúarmann en kaþólskan bókstafs-trúmann.

Frá þessum tíma er einnig 28. sónatan hjartnæma (op. 101), sem hann eignaði vinkonu sinni frú Dorothea von Erfmann, og Mendelssohn sagði um 1831 að gæti svo margt „kent sér." Kona þessi misti einkason sinn í lokastyrjöldum þjóðverja gegn Napoleon, og var svo gagntekin af sorg og þunglyndi, að henni hélt við sturlun; þá kom B. til hennar og lék fyrir hana á hljóðfærið, þar til hann gat komið tárunum út á henni og „leyst hana úr álögum". „Vér stundlegir menn með eilífum anda," segir B. við hana, „erum einungis fæddir til þjáninga og gleði og nærri má segja, að fyrir þá sem ágætastir eru, liggi leiðin til gleði gegnum sorg." Þessi orð hans má vissulega heimfæra uppá sjálfan hann, því að dýrðlegustu tónverkin fæðast að jafnaði hjá honum upp úr sorgarinnar sótthríðum. Sonata op. 101

Haustið 1816 biður enskur hershöfðingi að nafni Kyd, B. að semja fyrir sig symfóníu og býður honum Kyd hershöfðingi

200 dúkata fyrir, en áskilur, ad hún sé í sama stíl og eldri verkin. B. lét aldrei setja sér nokkur skilyrdi um hvernig hann skyldi leysa verk sín af hendi og hafnadi bodinu í styttingi. En lýst hafdi Kyd Lundúnum mjög glæsilega og ardvænlega fyrir tónlistamenn og sjálfur hafdi B. selt á sídari árum mörg verk sín til Englands, þar á medal þrjár ouvertýrur til „Filharmoniska" félagsins í Lundúnaborg; c moll symfóníuna og „die Schlacht" höfdu einnig átt þar bestu vidtökum ad mæta, svo ad alt dró huga hans meira og meira þangad vestur, enda hafdi landi hans hetjumennid Händel þar lifad og starfad, vel metinn ad verdleikum, og þar hafdi Shakespeare fædst og lifad, sem hann unni um öll skáld fram og honum var líkastur í manndóm og þreki hugsananna, og þar bjó sú þjód, sem hann taldi „meistens tüchtige Kerle (mestmegnis dugandi Karla). Sumarid 1817 fær hann nú reglulegt heimbod frá Lundúnum, sem hann hafdi svo lengi þrád. Filharmoniska félagid skrifar honum þá, kvedst óska ad geta sýnt honum vott þeinar virdingar og þakklætis, er þad beri í brjósti fyrir honum fyrir öll þau fögru augnablik, sem snildarverk hans svo oft hafi veitt þvi, og bijdur honum ad heimsækja Lundúnaborg og semja tvær stórar symfóníur; ad verdlaunum

heitir, það honum 300 pundum (5400 Kr.). Hann tekur strax þessu boði og kvéðst mundu af alefli reyna að lysa verk þessi svo vel af hendi að sambodin verði hinu virðulega félagi og þegar í stað taka til verka, enda var það nú ekkert smásmíði; sem hann færðisti í fang, þar sem 9. symfónían var, þetta verk, sem talið er meistaralegast, einkennilegast og djúpsæast allra hans verka. Þetta var síðasta symfónían sem hann fullgerði; þær urðu aldrei fleiri en 9-eins og músurnar (mentagyðjurnar) - að vísu átti 10. symfónían að koma seinna, en áðurnen það varð, voru dagar hans taldir. Þó vita menn, hvernig hann hafði hugsað sér beinagrind hennar, eða ádalatriði; fyrsti þáttur átti að sýna Bakkusarhátíð í tónum, Adagio-hlutinn skyldi vera kirkjulegum stíl og lokaþáttur inn (finalen) átti svo að síðustu að verða nokkurs konar sáttargjörð milli hinna fagurfræðislegu og siðferðislegu hugsjóna, milli griskrar heiðni og kristilegs anda. Eins og menn sjá: mikið og stórkostlegt verkefni!, sem honum því miður eigi en tist aldur til að framkvæma.

Svo fór um Englandsför hans í þetta skifti sem fyr, að hún fórst fyrir. Heimilisástæðurnar voru lítt þolandi, fóstur faðir og uppeldissonur urðu hvor öðrum til

kvalar, heyrnarleysid var sífelt sorgarefni, þótt minna beri nú ár örvílnan út af því, en medan þad fyrst var ad koma í ljós, tortryggnin gegn heiminum, óánægjan med sjálfan sig og adra, og einstædingstilfinningin - alt fór þetta í vöxt og var sárt ad bera. Tónlistin var eina lækningin, bótin vid öllu böli - þegar hann gat sint henni - hann verdur nú med ári hverju innilegri, dýpri og alvarlegri í ljódum sínum og hugurinn beinist meir og meir til hæda, enda leggur hann nú samtímis (1818) en út í eitt stórvirk-

Missa solemnis

1) introitus 2) gloria in excelsis 3) credo 4) sanctus 5) benedictus 6) agnus dei + offertorium O. saluteris hostia. Salvum fac regem

id - en í þetta skifti drotni einum til dýrdar. Þad er 4 ár á leidinni þetta verk, þessi „Missa solemnis" eda „hátídarmessa" og sjálfur nefnir hann hana „l'oeuvre le plus accompli, mein vollendetstes Werk (fullkomnasta verkid sitt). Tilefni þess var erkibiskupsstada fyrir ~~fyrir~~ vin hans og lærisvein, Rudolf erkihertoga, í Olmütz, sem hafdi haft í hyggju ad gera hann ad kapellustjóra sínum þar. Frá þessum ánn nu einnig ýms söngljód t.d. Kórsöngurinn: "Rasch tritt der Tod" (Hratt gengur daudinn) úr Wilhelm Tell eftir Schiller, „Kvöldljód vid alstirndan himin.

Medan B. var ad fást vid „missa solemnis, var hann oft mjög utan vid sig - eins og í ödrum heimi. Þannig sá t.d. málarinn Klöber, sem máladi hann sumarid 1818 hann einu sinni fleygja sér nidur undir tré eitt og

stara lengi upp í himininn. Á matsölu húsum sást hann einnig stundum sitja, sokkinn niður í hugsanir sínar, gleymandi að panta sér nokkuð að snæða og ætla svo að fara að borga, þegar, hann fór burt. Mest-bar á þessu meðan hann var að semja „fúguna" („et vitam venturi") og „benedictus". Schindler heimsækir hann á baðstaðnum, þar sem hann þá var staddur, einhverjusinni kl 4 síddegis. En hurðin var aflæst og innifyrir heyrði hann, að B. var að „syngja, hljóða og stappa" yfir fúgunni; að löngum tíma liðnum opnaðist loks hurðin og B. kom út svo torkennilegur og sturlaður á andliti, sem hann væri nýkominn úr lífsháska. „Fallegt þjónustufólk," segir hann við Schindler, „alt er strokið burt og ég hef ekkert fengið að éta, síðan um miðjan dag í gær." Hann hafði þá sem sé unnið kvöldið áður (hlífðar) hvíldar laust fram á nótt, matuinn var orðinn kaldur; svo hafði lent í skærum við vinnukonuna, þær eigi þolað mátið og farið leiðar sínar.

Messu þessa lauk B. ekki við fyr en Vorið 1823, svo að hún varð, eigi notuð (auðvitáð) við „innsetningar" hátíð Rúdolfs erkihertoga, enda hafði B. margt annað í takinu samtímis svo sem 3 síðustu sónötunar 30-32 og-ekki að gleyma sónötu (op. 109-111), skotsku ljóðin o. fl.; sem hann samdi um „Sehnsucht" (Reinig: þessar mundir, og síðast-en ekki síst-9. symfóníuna, Die stille Nacht um dunkelt)

sem hann var sokkinn niður í mestalt sumarið 1822, nú streyma einnig inn á hann pantanir hvaðan afa, einn biður um kvartett, annar um óperu, þridji um músik vid „Faust" o.s. frv. Fridrik Rochlitz hittir hann þá í erindagerðum fyrir Breitkopf & Härtel (einmitt út af Faust) og talar um hve átakanleg sjón hafi verið að sjá þenna heyrnarlausa mann, sem gaf milliónum manna slikt yndi og unað í tónum, eins illa útlítandi og hann var, með þykka svarta hárið sitt hangandi í drushum niður um höfuðið. Tilboðið um Faust kom fljótt lífi í hann, en þó afsakar hann sig með að hann hafi tvær stór-symfóniur á prjónunum og kvíði jafnan fyrir að leggja út í stórræðin, þótt vel gangi, þegar út í þau sé komið. Vitanlega varþað sú 9., sem hann þá var að leggja síðustu hönd á og svo sokkinn niður í, að hann var gersamlega allur í öðrum heimi meðan á því stóð. Að lýsa þessu heimsfræga ódaudlega verki skal ég eigi aðþessu sinni, heldur einungis geta þess, að þaðer talið kórónan á symfóningerð hans og eitt hið ágætasta af tónlistaverkum allra þjóða á öllum tímum.

Lofsöngur til gleðinnar í lokaþættinum

Haustið 1822 kemur atvik fyrir B. sem jókmikið á hugarstríð það og sorg, sem heyrnarleysið olli

honum. Hin ágæta söngkona Wilhelmine Schröder (f. 6/10 1805 í Hamborg) var þá ung upprennandi stjarna, nýbúin að hertaka hugi manna fyrir söngsinn og leik í „Föfraflautunni" eftir Mozart (Pamina) og í „Veidimannsbrúðinni" e. Weber (Agathe); kvöld það, er leika skyldi til ágóða fyrir hana kaus hún ~~sér~~ „Fidelio" og Leonoru sér fyrir verkefni; B. skyldi sjálfur stýra söngnum. Schindler segir svo frá, að þegar í fyrsta atriði leiksins hafi alt farið út um þúfur, en engum hafi haft hjarta í sér til að segja hinum heyrnarlausa manni hvernig komið var, þar til Schindler sjálfur varð til að skýra honum frá því skriflega, eftir að hann hafði spurt Schindler, hvort nokkuð væri að. Svo hverft varð honum við að heyra, hvernig komið væri, að hann stökk sem kólfi væri skolið niður í „parterrið" í leikhúsum, mælti ekki orð frá munni nema: „Út, í snatri!" og hljóp sem fætur togudu heim til sín, kastaði sér niður á legubekkinn, hélt höndunum fyrir andlitið, og lá þannig hreyfingarlaus langa hríð og mælti eigi orð frá munni. Telur Schindler hann aldrei hafa náð sér fyllilega eftur eftir þetta áfall, þrátt fyrir það að W. Schröder sídarvann allra hjörtu og varð stórfræg fyrir söng sinn og leik í Fidelio og útbreiddi þarmeð einnig frægð meistarans sem samið hafði.

Missa solemnis og 9. symf. leiknar (og sungnar) í Vín

Sá 7. maí 1824 er einn af merkisdögum B.s og tónlistarinnar. Þann dag var fyrst opinberlega missa solemnis og 9. symfónían sungnar og leiknar í Vínarborg. Undirbúningur hafdi verid mikill og gódur. Í febrúar höfdu ýmsir helstu menn borgarinnar, þar á medal margir vinir B.s skrifad honum mjög virdulegt bréf og skorad á hann ad láta nú sitt fagra ljós skína, telja þýzka list vænta eftir nýjum blóma frá hans hendi, endurfæddu lífi og yfirrádum sannleika og fegurdar, enda bæri hann ad allra dómi ægishjálminn yfir samtídarmönnum sínum í sinni grein. Sch. fann hann med bréfid í höndunum, gladan yfir þeirri virding, sem honum var sýnd, og vongódan um peningalegan árangur af nýjum stór-konsert, enda þarfnadist hann nú fjár, med því ad messan og sú 9. höfdu verid lengi á leidinni og hann því lítils getad aflad sér med ödrum verkum sínum. En ördugt ætladi samt ad ganga ad koma konsert inum á laggirnar. Hann var lengi á bádum áttum og ördugur í samningum og þó ópolinmódur, kvartar undan ad hann sé nú eftir 6 vikna skraf fram og aftur þegar ordinn „sodinn, svidinn og steiktur". Hins vegar voru bestu tónlistamenn

borgarinnar bodnir og búnir til ad gera alt fyrir B., sem þeim var unt. Tvær ágætar söngkonur Henriette Sontag og Caroline Unger kvörludu reyndar yfir einsöngvunum í Messunni, en engar breytingar voru fáanlegar, ekki nærvi þeim komandi, svo ad þær létu undan og Sontag sagdi ad lokum: „Jæja, þá pánum vid okkur áfram í drottins nafni". Alt var útselt og húsid troðfult, nema hirdstúkan, sem var því nær tóm, því keisarinn kom eigi, þótt B. hefdi persónulega bodid honum og hirdinni. Þegar B. kom fram í græna frakkanum - hann átti þá engan svartan frakka til í eigu sinni, svo ad hinn var látinn duga, þótt liturinn væri eigi sem vidfeldnastur, - þá var honum tekid med dynjandi fagnadaróprum og ~~tok~~ eigi vard minna um dýrdir, þegar konsertinn byrjadi. „Eg hef aldrei á æfi minni", segir einn heyrnarvottur, „heyrt jafn tryltan og þó hjartanlegan fögnud; á einum, stad í ödrum lid symfóníunnar yfirgnæfdi fögnudurinn algerlega músíkina, leikendunnir voru med tárin í augunum, en meistarinn sló áfram taktinn þar til Umlauf (fidluleikari og kapellustjóri) benti honum med hendinni á lætin í áheyrendunum - hann leit á þá og hneigdi sig mjög rólega." Vid

lok konsertsins vard þó fögnuðurinn enn meiri, en svo var sem fyr, að gleðigjafinn hafði eigi hugmynd um, hvað fram fór og sneri sem fyr bakinu að áheyrendunum, þar til söngkonunni Unger datt það snjallræði í hug að snúa meistaranum við og sýna honum áheyrendurna með alla hatta og vasaklúta á lofti „hann lét þá þakklæti sitt í ljósi og laut fyrir áheyrendunum. Þá laust upp á ný þeim fagnaðarópum, sem aldrei ætlaði að linna.

Þetta var nú alt saman gott og blessað en hver vard svo ágóðinn? Liðlega 100 krónur eða um 120 mörk! Tilkostnaður hafði orðið of mikill, stúkna áskrifendur höfðu ekkert goldið og hirðin – aldrei þessu vant – ekkert látið af hendi rakna. Schindler og tónskáldið Anselm Hüttenbrenner, sá er síðar stóð við banabeð Beethovens, fylgðu honum heim um kvöldið úr leikhúsinu. Þegar heim var komið rétti Sch. honum svo kassa-skýrsluna með 100 krónunum á og segir hann svo frá: „Þegar hann sá hana, örmagnaðist hann. Við gripum hann, lögðum hann á hvílubekkinn og vorum hjá honum langt fram á nótt. Hann bað hvorki um mat né annað og ekkert orð kom útaf hans vörum. Þegar við loks sáum að Morpheus

(c. svefninn) hafði mjúklega lokað augum hans, fórum
við burt, en þjónar hans fundu hann morguninn eftir
sofandi á sama stað í konsert-búningnum (grænafrakkanu!)

Nokkru seinna, 24. d. maím., var samsöngur þeim
endurtekinn og bætt við á söngskrána ágætum söngvara
tenóristanum David og lagi eftir Rossini, sem þá var
orðinn eftirlætisgoð Vínarbúa, en þá fékkst þó ekki
nema hálft húsið. Það var því fremur forvitni og
virðing fyrir hinum heyrnarlausa meistara sem í fyrra
sinnið fylti húsið, en skilningur á verkum hans, enda
tæplega þess að vænta að menn á fyrsta fjórðung
nítjándu aldar skildu og gætu lóðað skilið hið andlega
dýpi í síðustu verkum Beethovens; svo skilnings-
litlir sem margir enn eru á þau-eftir 100 ár.

Fjórir Kvatett-ar

Vér höfum nú lauslega fylgt æfiferli þessa
manns í full 53 ár eða fram á árið 1824, enda fer þá
mjög að halla degi, árin þá aðeins 3 eftir ólifuð.
Á þeim árum valda forboðar dauðans, sjúkdómar, sorg
og mæða, miklum vinnutöfum, en þó fær hann tím
a til að syngja svanasöng lífs síns, kvartettana nafn-
fræga (1824: Op. 127, 1825: op. 130 og 132, 1826 op. 135). Kvart
ettar í þessari mynd eru löng tónverk, vanalega
þrí- eða fjórliðuð (þætt) (allegro, Adagio eða andante

Lýsing á kvartett

Menuett med Trio (eda scherzo) og Rondo eda Presto sem lokapáttur) þeir nefnast fidlukvartettar eftir ad-alhljódfærinu í hinu fjörraddada tónverki (2 fidlur bratsche og cello) og er sú tegund tónverka einhver hinallra fegursta og unadslegasta fyrir þá sök, ad þar gefst eyranu tækifæri til ad fylgja hverri rödd út af fyrir sig og njóta raddfléttingsins. Fadir þessara kvartetta í nútídarmynd var gamli Haydn og hjá honum er form þeirra hreinast; Mozart var eigi laus vid ad bjóda þessu hreina en takmarkada formi helst til mikid og hjá Beethoven hélt vid sprengingu sakir hugsjónaafls og hugsunarþunga

Ofilok

Nú skal fljótt yfir afiþáttinn sídasta farid, hann er tragiskur í ordsins fylstu og uppruna-legustu grísku þýdingu því hér réd medskapad edli, örlögin og nornirnar þvínær öllu, mannlegt vit og sjálf-rædi svo afarlitlu. Brótur- og fóstursonur B.s var, eins og ádur er sagt enginn fyrirmyndar-ungl-ingur, eins og heldur eigi var vid ad búast, refs-andi ættar-nornir ríktu inni fyrir, og uppeldid var í höndunum á heyrnarlausum gedríkum lista-manni. Drengurinn gekk á glapstigu, lagdist í soll, vard spilafífl, fékk hardar ákúrur, þessar,

sem vekja gremju og hatur til sjálfs sín og annara,
en bæta ekki. Fadirinn sagdi: Tem þú þér dygdir- Slag og andslag
ar mínar, en fordastu gallana." Sonurinn sagdi: "Eg er ord-
inn verri madur af því (eda medan 3. weil) ad þú vildir
gera mig bæta mig betri." Óregla sonarins leidir föðurinn ~~útúr~~ ut úr
jafnvæginu, inn á brautir, ádur ófarnar, og í kumings-
skap vid menn, sem hann ella mundi aldrei hafa virt Fajakar
vistals, jafnvel inn á stadi, sem hann annars hefdi ald-
rei leitad. Ræktartilfinningin vid fóstur barnid var
ordin ad ástar-ástridu, sem þjádi hann og kvaldi, á-
stridu, sem hann alls eigi kunni med ad fara. Hér
er einhver kvenleg módur-tilfinning komin fram í
sál hans, svo einkennilega óvanaleg hjá afbragds-
listamönnum, því þeir hafa ætíd verid karlmenn,
med kynsins kostum og löstum — konur telja til
þessa dags engan slíkan af sínu kyni í lista-
sögu heimsins. Hve miklar þjáningar B. hefur lid-
id um þessar mundir má bædi sjá á bréfum hans og
þó einkum í "vidræduheftunum", sem hann ætíd vard
ad hafa vid hendina, þegar hann hitti einhvern, sem
átti tal vid hann, því ad samtal manna vid hann
var náttúrlega ætíd skriflegt. Hefti þessi eru mí
eign Kgl. safnsins í Berlín. Vid samlestur bréfanna

„Unser Zeitalter bedarf kräftiger Geister die diese kleinsüchtigen heimtuckischen elenden Schuften von Menschenseelen geisseln (Er þad ekki líkt Skakespeare?) þetta hrópar hann einu sinni í eyrun á sínu elskada barni

og þessara hefta sér maður bezt, hvílíkar heljarkvalir þetta stórmenni í list og tilfinningu leid út af barninu sínu. Og ofan á þetta bættist sjúkdómur vorið 1825

Kollhríðin Svo kemur kollhríðin. Haustið 1825 voru skærur miklar – óvanalega miklar – milli þeirra fóstur feðganna. Spilamenska, slangur, fjárprettir og fylgi fiskurinn: lýgin, alt þetta kom nú í augsýn. Refsingin sterk. Afleiðingin: strak frá heimilinu. Ástin kallar unglinginn aftur en geðið þrautbælir hann svo, að hann tekur loks til þess óyndisúrræðis að reyna að fyrirfara einu lífi, sem var tveim til kvalar. Hann fer að heiman með tvær skammbyssur, mishepnast tilræðið við sjálfan sig og er loks eftir langa leit fluttur heim með höfuðsári. Má geta nærvi hver áhrif tilræði þetta hefur haft á B. og hve mikillar sorgar það olli honum, þótt eigi drægi það hann beint til bana. Sárið greri furðu fljótt og var nú ákveðið að Karl skyldi ganga í herþjónustu jafnskjótt sem hann væri orðinn alheill sára sinna, enda hafði lögreglan slept honum með því skilyrði, að hann yrði eigi degi lengur í Vín, eftir að honum væri batnað. Þá er það að Beethoven fer með hann til

vistar upp í sveit um stund, til Jóhanns bróður síns
þótt honum reyndar væri nauðugt að þiggja heimboð
af honum, því hann hafði einnig bína mestu óbeit
á konu hans, sem hinni mágkonunni. Hann var þar
nú um hríð við fremur lélegan aðbúnað í hálf-
köldum húsakynnum og tók að kenna nokkurs sjúk-
leika. Hér við bættist sífelt ósamkomulag við mág-
konu hans og að síðustu rimma milli þeirra bræðr-
anna, enda fóru svo líkar þeirra milli, að Brank af
stað þaðan þó lasinn væri og hélt beinaleið til
Vínar í kuldaveðri og mjög lélegum vagni. Þang- Banalega
að kominn í árslok 1826 lagðist hann strax rúm-
fastur í lungnabólgu og síðar í vatnssýki og lá í þvínær
þrjá mánuði, þar til dauðinn gerði enda á þjáningum
hans. Um vinnu gat nú ekki lengur verið að ræða, en
oft blaðaði hann, sér til afþreyingar, í verkum Händels
í banalegunni, sem hann fekk send að gjöf frá Lund-
únaborg. Vatnssýki var banamein-ið og þar kom brátt, að
stinga varð á honum. Þegar vatnið tók að renna úr
sárinu líkti hann í glettni læknínum við Móses, sem sleg-
ið hafði, á bjargið og huggar sig við það, að það sé
þó ólíkt betra „að vatnið renni úr kvíðnum en úr
penmanum". Snemma mun honum í legunni hafa

komið til hugar, að þessi tóll mundi leiða til bana.
Þ. 3. d. jan 1827 gerir hann að nýju erfðaskrá sína
og arfleiddi Karl, bróðurson sinn, að öllu sínu,
sem þá var nýfarinn af stað til listaveitar sinnar, en
herforingja heim (von Stutterheim) er veitt hafði hon-
um viðtöku, tileinkar hann í þakklætisskyni kvart-
ett sinn í cis-moll. Bróðursonurinn hafði orð
á honum þungan á fótum, svo að fé hafði hann
nú ekkert handbært fyrir legukostnaði, nema spari-
peningana frá þjóðhöfðingjasamkomunni í Vín, sem
hann átlaði fóstursyninum og þeir ekki mátti
nerta. Í vandræðum sínum snýr hann sér þá
til filharmóniska félagsins í London og fer frá
þeir send 1000 gyllini (ca 1800 krónum) upp í kostnað
við hinn fyrirhugaða Lundúnakonsert, "er áður
var um getið. Það var hans síðasta gleði í þessu
lífi. Hann var innilega glaður og þakklátur
fyrir þessa drengilegu hjálp og sendi Englend-
ingum hjartnæmt og fagurt þakkarbréf, sem
hann sjálfur stílaði þó sárveikur væri. En við
geðshræringu þessa opnaðist sárið eftir æðlung-
una og greri aldrei eftir það. Kvalirnar urðu
með degi hverjum, dauðinn nálgaðist hröðum

fetum, en hann tók honum, eftir því sem Schindler segir, med sann-sókratiskri vizku og dæmafárri hugró. Þ 24. d. marzmán bætir hann enn einu ákvæði vid í erfdaskrá sína til hagsmuna fyrir fóstursoninn, og sama dag þyggur hann prestsþjónustu og þakkar klerkinum fyrir þá hugsvölun, sem hann hafi veitt sér. Enfremur minnir hann Schindler á bréfid til Lundúnaborgar og bidur gud ad blessa þá, sem höfdu hjálpad honum. Skömmusídar byrjar helstrídid og hann má nú ei lengur mæla. Hópum saman kemur fólk. 24. og 25. marz ad kvalabedi hans til ad sjá hann í sídasta sinn.

Þ: 26. d marzmán. stansadi alt í einu lítil klukka í herbergi hans; var þad gjöf til hans frá Kristjönu Liehnovsky furstafrú og kvad klukkan enn sio gera, þegar óvedur er í nánd. Engir voru vidstaddir adrir en mágkona hans og tónskáldid Anselm Hüttenbrenner, sem gert hafdi sér ferd til Vínar til ad sjá í sídasta sinn elskadan lærifödur. Schindler og annar vinur hans voru farnir út í kirkjugard til ad velja legreit. Um 5. stund skellur óvedrid á, þrumurnar drynja, haglid ædir úr loftinu og er

Sídustu augnablik

sem himininn ætli nidur ad keyra. Alt í einu kemur eldingin, svo sterk, ad herbergid er sem í einum loga. Hinn deyjandi madur opnar augun, réttir upp hægri höndina og starir um stund, med alvarlegu og ægilegu yfirbragdi upp í loftid. En brátt fellur höndin aftur nidur á bedinn ~~og~~ augun hálflokast og lífid er horfid. Hüttenbrenner veitti honum nábjargirnar.

Jardarför

Jardarförin fór fram á sólbjörtum vordegi. Um tuttugu þúsundir manna fylgdu meistaranum til grafar. Helztu kapellustjórar borgarinnar báru líkklædid böradukinn, en rithöfundar og tónlistamenn blysin. Skáldid Grillparzer taladi vid gröfina. Hluttekningin var afarmikil, enda átti þá Vín á bak ad sjá þeim manni, sem var „generallinn þeirra músíkantanna", einsog mangarakona ein komst ad ordi vid þetta tækifæri.

Tveir minnisvardar hafa þessum manni verid reistir, annar í fedraborg hans, Bonn, árid 1845 mestmegnis fyrir fé þad sem snillingurinn og virtuósinn mikli Franz Liszt lét af hendi rakna í þvi skyni, og hinn í kjörborg hans Vín, en fegurstur og varanlegastur er sá minnisvardinn, sem hann hefur sjálfur reist sér med tónverkum sínum í brjóstum allra þeirra

sem Jónlistinni nema.